



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundasvið, Helgi Grímsson

**Sendandi:** Fjármála- og áhættustýringarsvið, Eignaskrifstofa

### Svar við fyrirspurn um leikskólann Sunnuás

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 17. mars 2023 lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Leikskólinn Sunnuás lokaði í júní 2022 vegna myglu. Núna, níu mánuðum síðar, er ekki fyllilega ljóst hvaða framkvæmdir verða á lóð skólans til að geta hafið leikskólastarfsemi þar á ný. Af þessum ástæðum er eftirfarandi fyrirspurnum beint til skóla- og frístundasviðs: 1) Hvað á að gera á lóð skólans, þ.e. á að bæta við tímabundnu húsnæði þar við og/eða gera við eldra leikskólahúsnæði? 2) Hvenær má ætla að nokkur leikskólastarfsemi geti hafist á ný á lóð skólans? 3) Hvaða aðilar hafa síðan júní 2022 borið ábyrgð annars vegar á viðbrögðum Reykjavíkurborgar við aðstæðum á lóð Sunnuáss og hins vegar hver framtíðarnýting lóðarinnar eigi að vera?“

Svar:

- 1) Færanlegar kennslueiningar verða settar niður á lóð Sunnuáss sem hýst geta 100 barna leikskólastarfsemi. Von er á þeim einingum til landsins í sumar og undirvinna vegna jarðvinnu og lagnavinnu er að hefjast. Verið er að endurhanna Ásborg (efra húsið á lóðinni) og er sú vinna langt komin. Hitt húsið á lóðinni, Hlíðarendi, er öllu eldra og er beðið eftir húsakönnun sem gefur skýrari mynd af þeim möguleikum sem standa til boða er varða húsið.
- 2) Áætlað er að leikskólastarfsemi á lóðinni í færanlegu einingunum hefjist á haustmánuðum þessa árs.
- 3) Um er að ræða samstarfsverkefni Skóla- og frístundasviðs, Eignaskrifstofu og Umhverfis- og skipulagssviðs.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig

Fjármála- og áhættustýring

Eignaskrifstofa